
AXIS sjúkra- og slysatrygging Vátryggingarskírteini

Vátryggingarsamningur þessi er tryggður af AXIS Specialty Europe SE.

Skírteini þetta er gefið út af þeim vátryggingamiðlara (Coverholder) sem tilgreindur er í skírteininu í samræmi við leyfi veitt undir samkomulagi um tilgreiningu vátryggingamiðlara (Coverholder Appointment Agreement) með markaðstilvísunarnúmerinu (Unique Market Reference - UMR) sem getið er um í skírteininu.

Skírteini

Vátryggingarskírteini þetta samanstendur af skírteini, skilmálum og öllum öðrum ákvæðum, skilyrðum, meðfylgjandi ábyrgðum og útgefnum viðaukum.

Markaðstilvísun vátryggingamiðlunar (UMR) B1853H240001

Tegund vátryggingar: Sjúkra- og slysatrygging

Númer vátryggingaskírteinis:

Samningsnúmer:

Dagsetning tilboðs:

Nafn:

Fæðingardagur og ár:

Heimilisfang:

Starfsheiti:

Gildistími vátryggingar er frá:

til:

að báðum dögum meðtöldum samkvæmt heimilisfangi **þínu**, og áframhaldandi tímabil sem báðir aðilar komast að samkomulagi um.

Vátryggingarfjárhæð(ir) / hámarks skaðabótaskylda / sjálfsábyrgð.

Samanber meðfylgjandi **vátryggingarskírteini**

Iðgjald:

Skattur af iðgjaldi: Á ekki við

Landfræðileg mörk tryggingar:

Gildir um allan heim

Vátryggjandi:

AXIS Specialty Europe SE er með starfsleyfi frá Seðlabanka Írlands og starfar eftir reglum Fjármálaeftirlitsins. Sé þess óskað getum við veitt nánari upplýsingar um þær reglur sem heyra undir Fjármálaeftirlitið. AXIS Specialty Europe SE er skráð á Írlandi (Skráningarnúmer 353402) á 6. Hæð við 20 Kildare Street, Dublin 2, D02 T3V7, Írlandi. ASE er með starfsleyfi frá Seðlabanka Írlands og heyrir undir reglur breska fjármálaeftirlitsins.

Vátryggingamiðlun:

Tryggingamiðlun Íslands. Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur. Sími: 5536688. Tölvupóstur: tmi@tmi.is

Skráningarnúmer vátryggingamiðlunar: 113846CJK

Vátryggingamiðlunin starfar sem umboðsaðili AXIS Specialty Europe SE. og uppfyllir skyldur þess undir samkomulagi um tilgreiningu vátryggingamiðlara innan markaðstilvísunarnúmers (UMR) sem tilgreint er í þessu skírteini.

Skilmálar og viðaukablöð sem fylgja auk sérstakra skilyrða:

Lög sem eiga við um samninginn (lög hvaða lands skera úr um ágreining sem kann að koma upp um samning þennan):

Ísland

Lögsagnarumdæmi sem á við um þennan samning (það land þar sem skorið verður úr um hvern þann ágreining sem upp kann að koma í tengslum við samninginn):

Ísland

Samningur þessi er aðeins gildur ef vátryggður hefur við gerð hans og endurnýjun á hverju ári eftir það lögheimili og búsetu á Íslandi.

Bótakröfur

Þurfir **þú** að krefjast bóta úr þessari vátryggingu skaltu gera **vátryggingaráðgjafa** þínum viðvart.

Upplýsingar um **vátryggingaráðgjafa**:

Kvartanir:

Komi til þess að **þú** þurfir að leggja inn kvörtun getur **þú** haft samband við:

Tryggingamiðlun Íslands - TMI
Hlíðasmári 12
201 Kópavogur
Sími: + 354 553 6688
Netfang: tmi@tmi.is

Kvartanaferli er nánar útskýrt í skilmálum.

Vátryggingarsamningurinn

Í skiptum fyrir greiðslu þess iðgjalds sem tilgreint er í **vátryggingarskírteini** samþykki þú **við** að tryggja **þig** samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem tilgreindir eru í vátryggingarsamningi, gegn **líkamstjóni** og/eða **veikindum** á þann hátt og upp að því marki sem tilgreint er í samningi þessum á **vátryggingartímabili**.

Iðgjald kemur til greiðslu þegar vátrygging er gefin út nema komist sé að samkomulagi um annað. Greiða þarf iðgjald áður en skaðabótaskylda **okkar** hefst.

Undirritað af:

Dagsett:

Kostnaður vegna uppsagnar: Enginn.

Þetta **vátryggingarskírteini** er aðeins gilt beri það undirskrift vátryggingamiðlunar fyrir hönd AXIS Specialty Europe SE.

VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI

Trygging þessi bætir einungis þá liði þar sem fjárhæð er tilgreind. Við þá liði sem bætur greiðast ekki standa orðin „EKKI BÆTT“.

BÆTUR SEM GREIÐAST VEGNA FYRSTA HLUTA: SLYS

1.	Dánarbætur vegna slyss	XXXX GBP
2.	Alger og varanleg örorka Eins og tekið er fram í bótakvarða vátryggingarskírteinis	XXXX GBP
3.	Varanleg hlutfallsleg örorka Eins og tekið er fram í bótakvarða vátryggingarskírteinis	Sú prósentu sem við á að hámarki XXXX GBP
4.	Tímabundin alger örorka	XXXX GBP á viku Á meðan örorka varir að hámarki í 104 samfelldar vikur (bótatími) án tillits til fjölda slysa í daga eftir þann dag sem örorka hófst (biðtími)

BÆTUR SEM GREIÐAST VEGNA ANNARS HLUTA: VEIKINDI

1.	Missir sjónar á báðum augum	XXXX GBP
2.	Alger og varanleg örorka	XXXX GBP
3.	Varanleg hlutfallsleg örorka	Sú prósentu sem við á að hámarki XXXX GBP
4.	Tímabundin alger örorka	XXXX GBP á viku Á meðan örorka varir að hámarki í 104 samfelldar vikur (bótatími) án tillits til fjölda slysa í daga eftir þann dag sem örorkan hófst (biðtími)

Sá tími sem tilgreindur er hér að ofan telst hámarksbótatími með tilliti til **tímabundinnar algerrar örorku**, að **biðtíma** liðnum. Hámarksbætur sem greiðast vegna **tímabundinnar algerrar örorku** er í samræmi við töfluna hér að ofan en geta aldrei verið hærrí en 75% af heildartekjum vátryggðs síðustu 6 mánuði áður en tjón á sér stað.

Bætur sem greiðast fyrir afleiðingar af einu **slysi** eða veikindum greiðast ekki undir fleiri en einum lið hér að ofan. Þar er **tímabundin alger örorka** undanskilin þar sem fyrstu 104 vikurnar geta komið til greiðslu til viðbótar við hverja þá upphæð sem greiðist. Sé greidd ein heildargreiðsla vegna tjóns telst greiðslum vegna **tímabundinnar algerrar örorku** vera lokið.

BÆTUR SEM GREIÐAST VEGNA ÞRIÐJA HLUTA: VIÐBÓTARBÆTUR VEGNA SLYSS

1.	Kostnaður vegna breytinga á heimili og vinnustað	Upp að hámarki 3.750 GBP
2.	Sjúkrahúsdagpeningar	Upp að hámarki 50 GBP á dag fyrir hverja 24 klst innlögn sjúklings á löggiltu sjúkrahúsi.
3.	Læknis- og ferðakostnaðarbætur vegna ferðalaga erlendis	Í samræmi við Sjúkratryggingar Íslands, að hámarki 25.000 GBP fyrir hvert slys umfram fyrstu 250 GBP.
4.	Tennur	Upp að hámarki 3.500 GBP
	Sjálfsábyrgð	Lækniskostnaður 250 GBP Tennur 200 GBP

ÍTARLEGUR LISTI YFIR BÆTUR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU

Trygging þessi bætir einungis þá liði sem fjárhæð er tilgreind við í **vátryggingarskírteini þínu**.

ALGER OG VARANLEG ÖRORKA – BÓTAKVARÐI

<u>Meiðsli</u>	<u>Greiðanleg prósentu</u>
Alger og varanleg örorka	100%
Alger missir sjónar á báðum augum	100%
Missir handleggs og/eða handar	100%
Algert heyrnartap á báðum eyrum vegna áverka	100%
Missir neðri kjálka	100%
Málstol (missir máls)	100%
Missir eins handleggs og/eða fótleggs	100%
Missir eins handleggs og/eða eins fótar	100%
Missir einnar handar og/eða eins fótar	100%
Missir eins fótleggs og/eða einnar handar	100%
Missir beggja fótleggja	100%
Missir beggja fóta	100%

VARANLEG HLUTFALLSLEG ÖRORKA – BÓTAKVARÐI

<u>Meiðsli</u>	<u>Greiðanleg prósentu</u>
Missir höfuðbeins í fullri þykkt	
Flatarmál að minnsta kosti 6cm ³	40%
Flatarmál 3-6 cm ³	20%
Flatarmál minna en 3cm ³	10%
Missir neðri kjálka að hluta, hækkunarhluti í heild eða hálf kjálkabein	50%
Missir eins auga	50%
Algert heyrnartap á öðru eyra	40%
Mikill missir á beinvef í handlegg (afdráttarlaus og óbætanlegur áverki)	50%
Alger lömum handleggs og handar (óbætanlegur taugaskaði)	65%
Alger lömum holhandartaugar	20%
Stíflíður í öxl	40%
Olnbogastíflíður í hagstæðri stöðu (15 gráður umhverfis rétt horn)	25%
í óhagstæðri stöðu	40%
Mikill missir á beinvef í tveimur beinum framhandleggs	
(afdráttarlaus og óbætanlegur áverki)	40%
Alger lömum miðtaugar	45%
Alger lömum sveifartaugar við snúningshólk	40%
Alger lömum sveifartaugar í framhandlegg	30%
Alger lömum sveifartaugar í hönd	20%
Alger lömum ölnartaugar	30%
Stífur úlnliður í hagstæðri stöðu (beinn og lófi niður)	20%
Stífur úlnliður í óhagstæðri stöðu (beygður eða spenntur eða lófi upp)	30%
Alger missir þumals	25%
Missir þumalfingurs að hluta (fjærkjúka)	10%
Stífur þumalfingur	20%
Algert brottnám vísifingurs	15%
Brottnám tveggja kjúkna í vísifingri	10%

Brottnám fjærkjúku í vísifingri	5%
Brottnám bæði þumals og vísifingurs á sama tíma	35%
Brottnám þumals auk fingurs annars en vísifingurs	25%
Brottnám tveggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	12%
Brottnám þriggja fingra annarra en þumals og vísifingurs	25%
Brottnám fjögurra fingra að þumli meðtöldum	75%
Brottnám fjögurra fingra að þumli undanskildum	50%
Brottnám löngutangar	10%
Brottnám fingurs annars en þumals, vísifingurs eða löngutangar	7%
Brottnám læris (efri hluta)	60%
Brottnám læris (neðri hluta) og fótleggs	50%
Alger missir fótar (milli sköflungs og háristar)	45%
Missir fótar að hluta (undir ökklaþeini)	40%
Missir fótar að hluta (um miðja rist)	35%
Missir fótar að hluta (á mótum ristar og ristarleggsliðar)	30%
Alger lömun fótleggja (ólæknalegur taugaskaði)	60%
Alger lömun ytri settaugar	30%
Alger lömun innri settaugar	20%
Alger lömun tveggja tauga (innri og ytri settaugar)	40%
Stíflíður í mjöðm	40%
Stíflíður í hné	20%
Missir beinvefs úr læri eða báðum beinum fótleggjar (ólæknalegt ástand)	60%
Missir beinvefs hnéskel þar sem aðskilnaður beina er talsverður og verulega erfitt er að rétta úr fótleggnum.	40%
Missir beinvefs þar sem hreyfigeta er ekki verulega skert	20%
Stytting fótleggs um að minnsta kosti 5cm	30%
Stytting fótleggs um 3-5 cm	20%
Stytting fótleggs um 1-3 cm	10%
Algert brottnám allra tóa	25%
Brottnám fjögurra tóa að stórutá meðtalinni	20%
Brottnám fjögurra tóa	10%
Stíflíður í stórutá	10%
Brottnám tveggja tóa	5%
Brottnám einnar tóar annarrar en stórutáar	3%

Varanleg lýti á samanlögðu svæði á andliti og hálsi vegna **örmyndunar** sem hljótast af **líkamstjóni** vegna **slyss**.

BÆTUR

5-10% af sjáanlegu yfirborði	25%
11-24% af sjáanlegu yfirborði	50%
25% og meira af sjáanlegu yfirborði	100%

Varanleg lýti vegna **örmyndunar** sem hljótast af **líkamstjóni** vegna **slyss** á öðrum líkamshlutum en andliti og hálsi:

BÆTUR

Afmyndun á 5-10% af sjáanlegu yfirborði húðar	10%
Afmyndun á 11-24% af sjáanlegu yfirborði húðar	40%
Afmyndun á 25-49% af sjáanlegu yfirborði húðar	75%
Afmyndun á 50% eða meira af sjáanlegu yfirborði húðar	100%

Yfirlit

<u>AXIS sjúkra- og slysatrygging</u>	1
<u>Vátryggingarskírteini</u>	1
<u>Skírteini</u>	3
<u>Skilgreiningar</u>	11
<u>Mikilvægar upplýsingar</u>	13
<u>Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur</u>	13
<u>Hvernig tilkynna skal um breytingar eða skekkjur</u>	14
<u>Uppsögn á þessari vátryggingu</u>	14
<u>Endurgreiðsla iðgjalds</u>	14
<u>Hvað er bætt</u>	15
<u>Hluti eitt - slys</u>	15
<u>Hluti tvö - veikindi</u>	16
<u>Hluti þrjú – Viðbótarbætur (aðeins vegna slyss)</u>	17
<u>Hvað er ekki bætt</u>	18
<u>Hvað er ekki bætt – á einungis við um hluta þrjú</u>	18
<u>Hvað er ekki bætt – á við um hluta eitt, tvö og þrjú</u>	19
<u>Hvernig á að sækja um bætur</u>	21
<u>Það sem þú þarft að gera</u>	21
<u>Hvernig við tökum á bótakröfu þinni</u>	22
<u>Sviksamlegar bótakröfur</u>	22
<u>Hvernig er hægt að leggja fram kvörtun</u>	23
<u>Bótasjóður</u>	24
<u>Lög og lögsagnarumdæmi</u>	24
<u>Uppsetning vátryggingarskírteinis</u>	24
<u>Persónuverndarstefna AXIS</u>	24

Skilgreiningar

Þar sem eftirfarandi orð birtast feitletruð bera þau þá merkingu sem hér er skilgreind.

Slys	er skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma váttryggingar .
Bótatími	er sá fjöldi samfelldra vikna sem kveðið er á um í váttryggingarskírteini að greiðist vegna tímabundinnar algerrar örorku .
Líkamstjón/meiðsli	merkir greinanlegan líkamsskaða sem <ul style="list-style-type: none">• er tilkominn af völdum slyss og• eitt og sér og óháð öðrum orsökum (að undanskildum veikindum eða sjúkdómum sem leiða af líkamstjóninu eða læknismeðferðir vegna þess) leiðir til dauða þíns eða örorku innan tólf mánaða frá slysinu.
Biðtími	er sá fjöldi samfelldra daga sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini eftir þann dag sem örorka þín hófst og þarf að líða áður en mögulegt er að hefja greiðslu bóta vegna tímabundinnar algerrar örorku .
Sjálfsábyrgð	Sú upphæð sem þér ber sjálfri/sjálfum að greiða á móti hverri bótakröfu.
Veikindi	á við um veikindi eða sjúkdóm sem sýnir fyrstu einkenni á váttryggingartímabili og sem eru ein og sér og óháð öðrum orsökum völd að örorku þinni innan tólf samfelldra mánaða frá því að fyrstu einkenni koma fram.
Missir útlíma	á við um varanlegt tap vegna líkamlegs aðskilnaðar á hendi við eða ofan við úlnið eða á fæti við eða ofan við ökkla og felur í sér varanlegan og óbætanlegan missi á hendi þinni , handlegg, fæti eða fótlegg.
Missir sjónar	á við um varanlegan og algeran missi á sjón sem við teljum hafa átt sér stað: <ul style="list-style-type: none">• á báðum augum ef fullgildur augnsérfræðingur vottar að sjón þín eftir leiðréttingu á báðum augum sé 3/60 eða minna á Snellen skalanum (sem merkir að þú sjáir það sem þú ættir að geta séð í 60 feta (18 m) fjarlægð í innan við 3 feta (1 m) fjarlægð); eða• á öðru auga ef fullgildur augnsérfræðingur vottar að sjón þín á því auga sé 3/60 eða minna á Snellen skalanum (sem merkir að þú sjáir það sem þú ættir að geta séð í 60 feta (18 m) fjarlægð í innan við 3 feta (1 m) fjarlægð).
Gildistími váttryggingar	Sá tími sem tryggingin gildir samkvæmt skírteini eða þar til henni er sagt upp.
Alger og varanleg örorka	Merkir algera líkamlega vangetu þess váttryggða sem hlýst af líkamstjóni eða veikindum sem koma algerlega í veg fyrir að sá váttryggði sinni sínum venjulegu störfum sem getið er um í váttryggingarskírteini og sem vara annað hvort samfellt í tólf mánuði og engin von er á bata undir lok þess tíma eða þegar váttryggiendur ákvarða að sá váttryggði sé varanlegur og alger öryrki , hvort sem kemur fyrir.

Varanleg hlutfallsleg örorka	Á við um hlutfallslega örorku sem dregur varanlega úr hæfni þinni til þess að framkvæma suma en ekki alla þætti þinna daglegu athafna sem varir í tólf mánuði samfellt og engin von er um bata undir lok þess tíma. Prósentuhlutfall örorku kemur fram í bótakvarða um varanlega hlutfallslega örorku sem fylgir með í þessu skjali. Þar sem tegund örorku er ekki tekin fram í bótakvarða skal hæfur læknir meta hana. Prósentu örorku skal ákvarðast af tveimur óháðum hæfum starfandi sérfræðingum , þar sem þú velur annan þeirra og við hinn. Komi til ágreinings má tilnefna þriðja hæfa sérfræðinginn til þess að skera úr um hann og mun hans ákvörðun verða endanleg og bindandi fyrir alla aðkomandi.
Hæfur starfandi sérfræðingur á sviði lækninga	eru aðilar sem skráðir eru hjá Landlækni tiltekins lands með almenn eða sérhæfð réttindi til þess að stunda lækningar, hjúkrun, lyfjafræði og tannlækningar.
Örmyndun	á við um greinanleg, varanleg og sjáanleg ummerki á húð þar sem örvefur hefur myndast í stað venjulegra vefja sem eyðilagst hafa í líkamstjóni .
Vátryggingarskírteini	þær blaðsíður þessa skjals þar sem fram kemur nafn þitt , vátryggingarupphæðir, gildistími vátryggingar og þeir hlutar þessarar tryggingar sem eiga við.
Tímabundin alger örorka	á við um örorku sem hindrar þig í því að sinna þínu daglega lífi og störfum.
Við	AXIS Specialty Europe SE.
Þú	sá einstaklingur sem tilgreindur er í skírteini .
Vátryggingaráðgjafi	Vátryggingaráðgjafi eða milliliður sem fram kemur í skírteini og kom á þessari tryggingu fyrir þig .

Mikilvægar upplýsingar

Þetta skjal, **skírteinið**, og hverjir þeir sérskilmálar sem fylgja mynda váttrygginguna **þína**. Í váttryggingu þessari eru settir út skilmálar váttryggingarsamningsins á milli **þín** og **okkar**. Vinsamlegast lesið allt skjalið vandlega og haldið því til haga á öruggum stað.

Vinsamlegast athugið að innan þessarar tryggingar eru aðskildar tryggingar fyrir **líkamstjón** sem hlýst af **slysi** og því sem hlýst af **veikindum**.

Mikilvægt er að:

- **Þú** athugir hvort upplýsingarnar í **skírteininu** séu réttar og að í **skírteininu** komi fram þeir hlutar sem **þú** hefur óskað eftir að séu tryggðir (sjá hlutann um „upplýsingar sem **þú** hefur veitt **okkur**“);
- **Þú** tilkynnir **okkur** ef upplýsingar í **skírteini** eru ekki réttar eða ef eitthvað af þeim upplýsingum breytist (sjá hlutann um „hvernig tilkynna skal um breytingar og skekku“);
- **Þú** farir eftir leiðbeiningum í hlutanum „Það sem **þú** þarft að gera“ ef til bótakröfu kemur (sjá bls 16, skyldum **þínum** undir hverjum hluta og skyldum **þínum** undir váttryggingunni í heild sinni).

Sé ekki farið eftir ofangreindu gæti það haft neikvæð áhrif á váttrygginguna **þína** eða hverja þá bótakröfu sem **þú** kannt að gera.

Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur

Þegar **við** samþykkjum þessa tryggingu og setjum skilmála hennar og iðgjald, treystum **við** á þær upplýsingar sem **þú** hefur veitt **okkur**. **Þú** verður því að gæta þess að allar upplýsingar sem **þú** veitir **okkur** og svör **við** þeim spurningum sem **við** spyrjum séu réttar og nákvæmar.

Ef í ljós kemur að **þú** hafir viljandi eða í kæruleysi veitt **okkur** rangar eða misvísandi upplýsingar munum **við** fara með þessa váttryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar.

Ef í ljós kemur að **þú** hafir af gáleysi veitt **okkur** rangar eða misvísandi upplýsingar gæti það haft neikvæð áhrif á váttryggingu **þína** og bótakröfur. Til að mynda gætum **við** ákveðið að:

- fara með þessa tryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar og neitað að greiða bætur vegna hennar og endurgreitt greidd iðgjöld. Þetta gerum **við** aðeins ef **við** veittum **þér** váttryggingu sem **við** hefðum ekki boðið með réttar upplýsingar undir höndum; eða
- breyta skilmálum váttryggingar **þinnar**. **Við** gætum sett þessa breyttu skilmála á váttrygginguna afturvirk ef gáleysi **þitt** hefur neikvæð áhrif á bótakröfu **þína**; eða
- hækka iðgjald váttryggingar **þinnar** eða lækka bótafjárhæð í samræmi við það iðgjald sem **þú** hefur greitt og það iðgjald sem **við** hefðum beðið um hefðum **við** haft réttar upplýsingar; eða
- segja upp váttryggingu **þinni** í samræmi við „upsögn á þessari váttryggingu“ hlutann.

Við eða **miðlarinn þinn** munum hafa samband við **þig** ef **við**:

- Ætlum að fara með þessa váttryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar; eða
- þurfum að breyta skilmálum váttryggingarinnar **þinnar**; eða

- Ef **við** krefjumst þess að **þú** greiðir meira fyrir váttrygginguna **þína**.

Hvernig tilkynna skal um breytingar eða skekkjur

Ef **þú** verður þess meðvitaður að upplýsingarnar sem **þú** hefur veitt **okkur** séu rangar eða hafi breyst verður **þú** að upplýsa miðlara **þinn** um það eins fljótt og auðið er.

Þegar **við** erum upplýst um það að upplýsingarnar sem **við** höfum áður fengið séu ekki réttar munum **við** láta **þig** vita hver áhrif þess verða á váttryggingu **þína**. Til að mynda gætum **við** aðlagð skilmála váttryggingar **þinnar**, krafist þess að greitt sé meira fyrir trygginguna eða sagt upp váttryggingunni í samræmi við hlutann um „uppsögn á þessari váttryggingu“.

Tilkynnir **þú okkur** ekki um það að upplýsingarnar sem **þú** veittir **okkur** séu ekki réttar eða um breytingar gæti þessi váttrygging orðið ógild og þá er ekki víst að bótakrafa verði greidd að fullu eða yfirleitt.

Uppsögn á þessari váttryggingu

Þú getur sagt þessari váttryggingu upp hvenær sem er með tölvupósti til **Tryggingamiðlunar Íslands** úr því netfangi sem gefið var upp á upprunalegri umsókn eða með rafrænni undirritun á uppsögn. Sértu að færa þig til nýs váttryggjanda er uppsagnarfresturinn 30 dagar en enginn uppsagnarfrestur hafir þú ekki lengur þörf fyrir þessa tryggingu.

Okkur er frjálst að segja upp váttryggingu þessari, að gefnum 14 daga fresti, berist iðgjald ekki innan 30 daga frá útgáfu tryggingar og dagsetningu tilkynningar um eindaga.

Við getum einnig afturkallað váttrygginguna af öðrum ástæðum en þeirri að iðgjald sé ekki greitt, með 60 daga skriflegum fyrirvara. Það gerum **við** aðeins af gildri ástæðu (dæmi um gildar ástæður eru):

- Breytingar á áhættu sem þýðir að **við** getum ekki lengur veitt **þér** váttryggingu
- Skortur á samvinnu eða skortur á þeim upplýsingum eða skjölum sem **við** óskum eftir, eða
- Ógnandi hegðun eða hótanir og óviðeigandi talsmáti.

Ef af einhverjum ástæðum endurnýjun váttryggingar er hafnað er það tilkynnt með 60 daga fyrirvara eins og íslensk lög kveða á um.

Endurgreiðsla iðgjalds

Þessi váttrygging ber 30 daga iðrunarfrest frá upphafsdegi.

Segir **þú** váttryggingunni upp innan iðrunarfrestsins, að því gefnu að **þú** hafir ekki gert kröfu til bóta, munum **við** endurgreiða öll greidd iðgjöld.

Sé váttryggingu sagt upp eftir að iðrunarfresturinn er liðinn, að því gefnu að **þú** hafir ekki gert kröfu til bóta, getur **þú** átt rétt á endurgreiðslu iðgjalda sem greidd hafa verið fyrir utan þann tíma sem **þú** varst tryggð(ur). Upphæðin reiknast þá hlutfallslega. Hafir **þú** til að mynda verið tryggð(ur) í sex (6) mánuði og greitt iðgjald fyrir heilt ár átt **þú** rétt á endurgreiðslu á hálfu ársiðgjaldi.

Ef **þú** segir váttryggingunni upp eftir að iðrunarfresturinn hefur runnið út leggst á viðbótargjald, eins og fram kemur í **skírteini**, sem er til þess að greiða fyrir kostnað við trygginguna.

Ef **við** greiðum bótakröfu, að fullu eða hluta, er engin endurgreiðsla möguleg. Ársiðgjald þarf að vera greitt að fullu áður en mögulegt er að greiða út bætur.

Hvað er bætt

Hluti eitt - slyss

Þessi hluti fjallar aðeins um bótakröfur sem falla innan skilgreiningar um **líkamstjón** af völdum **slyss** en ekki vegna **veikinda**.

Hvað er bætt

Við greiðum þær bætur sem fram koma í **skírteini** ef **þú** verður fyrir **líkamstjóni**, á meðan á **vátryggingartímabili** stendur, sem leiðir af sér:

1. Andlát af **slysförum**
2. **Algæra varanlega örorku** eins og tilgreint er í bótakvarða.
3. **Varanlega hlutfallslega örorku** eins og tilgreint er í bótakvarða.
4. **Tímabundna algæra örorku**.

Skilyrði

1. Séu dánarbætur ekki innifaldar í vátryggingu og **slysið** leiðir af sér andlát **þitt** innan tólf (12) mánaða frá dagsetningu **slyss**, greiðast engar bætur aðrar en fyrir **tímabundna algæra örorku** þann tíma sem bótaréttur á við á milli **slyss** og andláts.

2. Séu dánarbætur innifaldar í vátryggingunni og **slysið** leiðir af sér andlát **þitt** innan tólf (12) mánaða frá dagsetningu **slyss** og áður en endanlegt uppgjör hefur farið fram á bótagreiðslu fyrir örorku undir liðum 2 til 4 hér á undan, greiðast aðeins hámarksbætur sem fram koma í **skírteini** undir lið 1 – andlát.

3. Bætur vegna **algærrar varanlegrar örorku** og **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** greiðast ekki fyrr en tólf (12) mánuðir hafa liðið frá þeim degi sem **líkamstjónið** átti sér stað. Komi til þess að **hlutfallsleg örorka** verði alger, greiðist aðeins sú hámarksupphæð sem tilgreind er í **skírteini** undir lið 2 – **varanleg hlutfallsleg örorka**.

4. Séu dánarbætur innifaldar greiðast þær einnig ef kemur til þess að **þú** hverfir. Dánarbætur greiðast þó aðeins vegna hvarfs ef:

- a) jarðneskar leifar **þínar** finnast ekki innan tólf (12) mánaða frá hvarfi og hægt er að sýna fram á fullnægjandi gögn sem sýna óvæfengjanlega fram á það að **þú** hafir orðið fyrir **líkamstjóni** og þau meiðsli hafi leitt til dauða **þíns**; og
- b) sá eða þeir aðilar sem taka við upphæðinni skrifa undir skuldbindingu um að endurgreiða upphæðina til **okkar** ef **þú** reynist vera á lífi.

5. Séu bætur vegna **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** eða **algærrar varanlegrar örorku** innifaldar þurfa tveir ótengdir **hæfir sérfræðingar** að meta örorkuna, þar sem **þú** velur einn þeirra en **við** hinn. Komi til ágreinings er þriðji **hæfi sérfræðingurinn** tilgreindur sem sker úr um ágreininginn og er hans niðurstaða bindandi fyrir alla aðila.

6. Hafir **þú** greitt fyrir **algæra varanlega örorku** og/eða **varanlega hlutfallslega örorku** er upphæðin sem kemur fram í **skírteininu þínu** sú hámarkupphæð sem greidd er undir þessari vátryggingu. Bótakvarðinn sýnir hlutfall örorku og þær heildarbætur sem mögulegar eru komi til þess að **þú** hljótir **líkamstjón** af völdum **slyss** sem leiðir til einhverrar af þeirri örorku sem talin er upp. Atvinna **þín** er ekki tekin með í reikninginn.

7. Heildarupphæð bóta sem greiðast vegna fleiri en eins **líkamstjóns** sem tilkomin eru af sama **slysinu** reiknast með því að leggja saman þau prósentustig sem tilgreind eru í bótakvarða en má ekki fara yfir 100% af váttryggingarupphæðinni sem tilgreind er í **skírteininu þínu**. Til að mynda yrði samanlögð prósentu algers heyrnarmissis á öðru eyra og algerrar lömunar holhandartaugar (40% og 20% hvort um sig) samanlagt 60% sem er þá sú prósentu sem greiðist af þeirri upphæð sem kemur fram í **skírteininu þínu** undir **varanleg hlutfallsleg örorka**.

8. Sé um að ræða varanlega örorku sem ekki er tiltekin í bótakvarðanum munum **við** meta örorku **þína** í samræmi við ráðleggingar **hæfs sérfræðings** með því að bera saman prósentur sem fram koma í kvarðanum.

9. Komi til þess að bætur séu mögulegar fyrir fleiri en eitt atriði undir **hlutfallslegri varanlegri örorku** getur heildarupphæðin ekki farið yfir 100% af þeirri upphæð sem tilgreind er í **skírteini þínu** undir lið 3.

10. Bætur vegna **tímabundinnar algerrar örorku** greiðast mest fyrir þann hámarks fjölda vikna sem tiltekinn er í **skírteini þínu** að loknum **biðtímanum** sem tilgreindur er þar einnig. Dagpeningar sem greiðast fyrir hverja viku greiðast ofan á aðrar greiddar bætur í allt að 104 vikur en greiðslu þeirra lýkur þann dag sem **hlutfallsleg varanleg örorka** eða **alger varanleg örorka** er staðfest eða við andlát **þitt**.

11. Bætur vegna **tímabundinnar algerrar örorku** sem greiðast fyrir hluta úr viku eru reiknaðar eftir hlutföllunum einn á móti sjö og greiðast því fyrir hvern dag sem örorkan varir í tiltekinni viku.

12. Aðeins er hægt að fá greiddar bætur vegna þessa hluta sé einstaklingur undir 70 ára aldri, að því undanskildu að váttryggingin hafi verið í gildi í samfelld 2 ár áður en viðkomandi varð 70 ára. Hafi váttryggingin verið í gildi í samfelld tvö ár áður en einstaklingur varð 70 ára má viðkomandi halda henni til 75 ára aldurs.

Hluti tvö - veikindi

Þessi hluti fjallar aðeins um þær bótakröfur sem falla undir **veikindi** og fjallar ekki um bótakröfur vegna **líkamstjóns**.

Hvað er bætt

Við munum greiða þær bætur sem fram koma í bótakvarða í **skírteini** ef **þú** veikist alvarlega á **váttryggingartímabili** með þeim afleiðingum að **þú**:

1. **tapir sjón** á báðum augum.
2. **Hljótir varanlega algera örorku eins og kemur fram í töflu yfir bótafjárhæðir**.
3. **Hljótir hlutfallslega varanlega örorku**. Eins og fram kemur í töflu yfir bótafjárhæðir eða metin af hæfum lækni.
4. **Hljótir tímabundna algera örorku**.

Skilyrði

1. Verði **veikindin** völd að dauða **þínum** innan tólf (12) mánaða frá því að einkenni koma fram áður en mögulegt er að krefjast bóta undir lið 1 eða 2 hér fyrir ofan munum **við** aðeins greiða **þér** bætur undir lið 4.

2. Bætur vegna **tímabundinnar algerrar örorku** greiðast ekki lengur en í þann fjölda vikna sem tiltekinn er í **skírteini þínu** að loknum **biðtíma**. Bætur fyrir hverja viku greiðast ofan á allar aðrar bætur fyrir allt að 104 vikur en hætta að greiðast frá þeirri dagsetningu sem **hlutfallsleg varanleg örorka** eða **varanleg alger örorka** er staðfest eða við andlát **þitt**.
3. Bætur vegna **varanlegrar algerrar örorku** eða **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** greiðast í fyrsta lagi þegar tólf (12) mánuðir hafa liðið frá því að sjúkdómur greindist. Komi síðar til þess að hlutfallsleg örorka verði alger eru hámarksbætur þær sem teknar eru fram í bótayfirliti skírteinis, undir lið 2 – **varanleg alger örorka** til viðbótar við þær bætur sem greiddar hafa verið vegna **tímabundnar algerrar örorku**.
4. Séu innifaldar bætur vegna **hlutfallslegrar varanlegrar örorku** eða **varanlegrar algerrar örorku** þurfa tveir óháðir **sérfræðingar** að staðfesta ástandið, af þeim þarf annar þeirra að vera á okkar vegum. Þurfi þriðji óháði **sérfræðingurinn** að koma til að skera úr um ástandið er ákvörðun þess **sérfræðings** bindandi.
5. **Varanleg hlutfallsleg örorka** undir 20% fellur ekki undir trygginguna. **Varanleg hlutfallsleg örorka** yfir 20% greiðist að fullu.
6. Heildarbótageiðsla vegna **varanlegrar hlutfallslegrar örorku** getur aldrei farið yfir 100% af þeirri upphæð sem fram kemur í lið 3 á skírteini.
7. Bætur vegna **tímabundinnar algerrar örorku** sem greiðast fyrir hluta úr viku eru reiknaðar út þannig að hver dagur örorku telst til eins sjöunda bótaupphæðar.
8. Trygging undir þessu hluta er einungis í boði fyrir einstaklinga undir 60 ára aldri, að því undanskildu að tryggingin hafi verið í gildi í samfelld tvö ár áður en einstaklingur náði 60 ára aldri. Hafi svo verið gildir þessi hluti til 65 ára aldurs.

Hluti þrjú – Viðbótarbætur (aðeins vegna slyss)

Þessi hluti fjallar einungis um bótakröfur sem falla undir skilgreininguna **líkamstjón** og fjallar ekki um bótakröfur vegna **veikinda**.

Hvað er bætt

1. Breytingar á heimili og vinnustað
2. Sjúkrahúsdagpeningar
3. Endurgreiðsla vegna læknis- og ferðakostnaðar á ferðalagi erlendis
4. Tennur

Skilyrði

1. Sé samþykkis leitað hjá **okkur** fyrir fram munum **við** endurgreiða allt að 80% af kostnaði **þínum** að hámarki 3.750 GBP fyrir nauðsynlegan, sanngjarnan kostnað við breytingar á heimili **þínu** í kjölfar **algerrar og varanlegrar örorku**. **Við** endurgreiðum einnig 80%, að hámarki 3.750 GBP

fyrir nauðsynlegar breytingar á vinnustað **þínum** til þess að mæta þörfum **þínum** í kjölfar **algerrar og varanlegrar örorku**.

2. **Við** greiðum 50 GBP fyrir hvern heilan sólarhring sem **þú** dvelur í innlögn á sjúkrahúsi sért **þú** lögð/lagður inn á skráð sjúkrahús í kjölfar **líkamstjóns** í að hámarki 60 daga.
3. Verðir **þú** fyrir **líkamstjóni** á meðan **þú** ert á ferðalagi utan Íslands og þurfir tafarlaust að leita lækniþjónustu hjá **hæfum starfandi sérfræðingi**, munum **við** endurgreiða **þér** útlagðan lækni- og læknaþjónustu upp að því hámarki sem tilgreint er í **skírteini þínu**. Þar er meðtalinn nauðsynlegur kostnaður vegna lækniþjónustu, skurðlækninga eða annarrar lækniþjónustu eða meðferðar sem veitt er af **hæfum starfandi sérfræðingi**. Þar er einnig talinn nauðsynlegur kostnaður, sem ekki er hægt að fresta þar til komið er til Íslands, vegna lyfja, sjúkrahúsdvalar, hjúkrunarheimila og sjúkrabifreiða.
4. Verðir **þú** fyrir **líkamstjóni** á meðan **þú** ert á ferðalagi utan Íslands og þurfir að leita tafarlaust til **hæfs starfandi sérfræðings** munum **við** einnig endurgreiða **þér** kostnað sem er innan skynsamlegra marka vegna viðbótar ferða- og gistikostnaðar sem snýr að flýtttri heimferð **þinni** vegna meiðsla upp að hámarki 500 GBP fyrir hverja bótakröfu. Einnig er innifalinn kostnaður vegna annarra einstaklinga sem þurfa að ferðast með **þér**, verða eftir með **þér** eða fylgja **þér** aftur til Íslands. Hafir **þú** leigt út heimili **þitt** á meðan á ferð **þinni** erlendis stóð munum **við** greiða **þér** allt að 75 GBP á dag fyrir hámark 30 daga.
5. Tryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og/eða vel viðgerðum tönnum sem brotna í slysi. Bætur greiðast ekki ef tennur brotna við það að tyggja. Hámarksbætur sem greiðast eru 3500 GBP eftir að 200 GBP sjálfsábyrgð hefur verið greidd. Tryggingin bætir aðeins tannbrot sem aðrir aðilar bæta ekki. Þar á meðal tilfelli þar sem Tryggingastofnun greiðir kostnað við tannviðgerðir.
6. Allar auka bótagreiðslur falla undir hámarksupphæð sem verður dregin af heimilum kostnaði **þínum** undir hverri einni bótakröfu og er tiltekin í **skírteininu þínu**.

Hvað er ekki bætt

Hvað er ekki bætt – á einungis við um hluta þrjú

Þessi váttrygging greiðir ekki bætur vegna bótakrafna sem hafa á einhvern hátt orðið til vegna:

1. **Veikinda**
2. Meðferðar sem veitt er meira en 24 mánuðum eftir að **líkamstjónið** átti sér stað.
3. Kostnaðar vegna valkvæðra lýtaaðgerða.
4. Venjubundar meðferðir hjá tann- og augnlæknum, gervitennur, gleraugnaumgjarðir, gleraugna- gler eða linsur.
5. Meðferðir hjá hnykkjara, sjúkrapjálfa eða óhefðbundnar lækni- og læknaþjónustu nema með þeim hafi verið mælt af þeim **sérhæfða starfandi lækni** sem sinnir **þér** og verið samþykkt af **okkur**.
6. Kostnaðar við áframhaldandi reglubundna meðferð við ástandi sem meðferð hófst við áður en váttryggingartímabil hófst eða áður en hinn váttryggði hóf störf, hvort sem kemur síðar.

7. Kostnaðar sem fellur undir endurgjaldslaust heilbrigðiskerfi á við evrópska sjúkratryggingakortið, íslenska sjúkratryggingakerfið eða aðrar váttryggingar.
8. Kostnaðar vegna venjubundinna læknisrannsókna og –eftirlits, athugana og skimana nema þær tengist **líkamstjóni vegna slyss**.
9. Eiturlyfja eða lyfja sem ekki var ávísað af **sérhæfðum starfandi lækni**.
10. Kostnaðar sem er tilkominn vegna þess að ráðum **sérhæfðs starfandi læknis** var ekki fylgt.
11. Upphæð **sjálfsábyrgðar** sem tekin er fram í **skírteini** verður dregin af öllum lögmætum kostnaði sem verður til við hverja eina bótakröfu.
12. Fæðingargalla eða meðfædda **sjúkdóma**

Hvað er ekki bætt – á við um hluta eitt, tvö og þrjú

A. Þessi váttrygging bætir ekki á nokkurn hátt kröfur sem hafa orðið til vegna:

1. Stríðs, hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki, ófriðar eða einhvers konar stríðs eða borgarastríðs.
2. Notkunar á eða ógnunar með sjúkdómsvaldandi eða eitruðum lífrænum eða tilbúnum efnum sem staðið er að af fólki sem ætlar sér að hafa áhrif á ríkisstjórn og/eða hræða almenning eða ákveðinn hluta almennings af pólitískum, trúarlegum, hugmyndafræðilegum eða einhverjum áþekktum ástæðum.
3. Kjarnahvarf, kjarnageislun eða mengun af geislavirkum efnum.
4. Eða sem afleiðingar af sjúkdómi eða hættu á sjúkdóm sem:
 - Er tilkynningaskyldur til ríkisstjórnar eða yfirvalda undir lögum, reglum, samþykktum eða hegningarlögum og/eða
 - Sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur tilnefnt sem neyðarástand á heimsvísu er varðar lýðheilsu almennings (Public Health Emergency of International Concern (PHEIC)).
5. Þátttöku **þinnar** í herþjónustu eða aðgerðum á vegum hers.
6. Sjálfvígis eða tilraunar til sjálfsvígis eða sjálfsskaða.
7. Kynsjúkdóma eða alnæmis (AIDS), vægra einkenna AIDS (ARC) eða HIV hvaða nafni sem þeir kallast eða hvernig sýkingin hefur borist.
8. Þess að **þú** stofnir **þér** viljandi í mikla hættu (nema til þess að bjarga mannlífi).
9. Þess að **þú** fremjir glæp.
10. Þess að **þú** hafir verið undir áhrifum áfengis, eiturlyfja eða lyfja annarra en þeim sem ávísað hefur verið af starfandi lækni og yfir þeim mörkum sem teljast lögleg til þess að aka bifreið í viðkomandi landi sem ekið er í. Þar meðtaldar eru allar bótakröfur sem taldar eru til komnar vegna misnotkunar á áfengi, lyfjum (nema þeim sem hefur verið ávísað af lækni og eru notuð samkvæmt fyrirmælum) eða eiturlyfjum.

11. Taugaveiklunar, sálrænnar taugaveiklunar, persónuleikaraskana eða geðrofs, kvíða, þunglyndis, álags, þreytu, kulnunar (burnout) eða annarra andlegra eða geðrænna raskanna.
12. Krónískra verkjasjúkdóma, þar á meðal en ekki bundið við króníska eða flókna staðbundna verkjasjúkdóma eða vefjagigt (sjúkdóm sem einkennist af krónískum verkjum í vöðvum og mjúkum vefjum í kringum liði, þreytu og aumum punktum á tilteknum svæðum líkamans (kvikupunktur).
13. Slysa sem eiga sér stað í skráðu ökutæki þar sem váttryggður er þegar tryggður undir ökutækjategyggingu. Þessi undantekning á aðeins við um **tímabundna varanlega örorku**.
14. Slysa þar sem **þú** ert ökumaður eða farþegi í skráðu eða óskráðu ökutæki, vél- eða rafdrifnu, þar sem ökumaður og/eða farþegi eru ótryggðir, nema akstur á/í slíku ökutæki sé sérstaklega tekinn fram á umsókn þinni og samþykktur með auknu álagi af okkur.
15. Notkunar á, eða skorts á hæfi til að nota, nokkru smáforriti, forriti, prógrammi sem tengist raftæki (til að mynda tölvu, fartölvu, snjallsíma, spjaldtölvu eða raftæki sem tengst getur internetinu.
16. Ástands, hvort sem það hefur verið greint eða ekki, sem **þú** hefur leitað læknisráðs, greiningar, meðferðar eða ráðgjafar yfir eða sem **þú** varst eða ættir að hafa verið meðvituð/aður um þegar váttryggingin tók gildi eða sem **þú** þurftir að leita meðferðar við á einhverjum tímapunkti á síðustu þremur (3) árum áður en váttryggingin tók gildi.
17. Meðgöngu eða fæðingar, nema komi til sértækra vandamála sem greind eru af **sérhæfðum starfandi fæðingarlækni**. Sértæk vandamál greind af **sérhæfðum, starfandi fæðingarlækni** falla þó ekki undir trygginguna fyrr en **váttryggð** hefur verið með trygginguna í að minnsta kosti 13 mánuði samfellt.
18. Andlát þess váttryggða af völdum **veikinda**.
19. Þátttöku þinnar í kappakstri eða keppnum (öðrum en hlaupum eða sundi í sundlaug).
20. Þess að þú sitjir fjórhjól, torfæruhjól eða vélsleða (nema slíkt hafi verið samþykkt af okkur skriflega og fyrir það greitt iðgjald í samræmi við það).

B. Þessi váttrygging greiðir ekki bætur eða hluta af bóttum vegna örorku sem er tilkomin vegna víxlverkunar **líkamstjóns** og annars heilsufarsástands.

C. Höft

Ekki verða greiddar nokkurs konar bætur vegna þessarar tryggingar þar sem slíkt yrði til þess að brjóta nokkurs konar lagaleg höft, bönn eða takmarkanir.

D. Aldur

Slysabætur (hluti 1) greiðast ekki til einstaklinga 70 ára og eldri að því undanskildu að tryggingin hafi verið gild í samfellt tvö ár fyrir 70 ára afmæli einstaklingsins. Hafi svo verið getur einstaklingur haldið tryggingunni til 75 ára aldurs.

Bætur greiðast ekki vegna **veikinda** (hluti 2) til einstaklinga sem eru 60 ára eða eldri nema tryggingin hafi verið í gildi í samfellt tvö ár áður en einstaklingur náði 60 ára aldri. Hafi svo verið má halda tryggingunni til 65 ára aldurs.

E. Tölvu ákvæði

Við veitum váttryggingarvernd vegna líkamsmeiðsla eða veikinda sem koma til sem bein afleiðing af eða vegna tölvu- eða internet óhapps. Bætur munu hins vegar ekki greiðast sé um að ræða líkamsmeiðsl eða veikindi sem bein eða óbein afleiðing tölvu- eða internet verknaðar.

Til nánari útskýringar:

Tölvu- eða internet verknaður merkir:

- I. Viljandi, óheimill, illviljaður eða glæpsamlegur verknaður;
- II. Röð tengdra viljandi, óheimilla, illviljaðra eða glæpsamlegra verknaða; eða
- III. Hótun eða blekking um nokkuð sem tengist ofangreindu,

Án tillits til tíma eða staðsetningar, og felur í sér aðgang eða meðhöndlun, notkun eða stjórnun tölvukerfis.

Tölvu- eða internet óhapp merkir:

- I. Villa eða yfirsjón eða röð tengdra mistaka eða yfirsjóna sem tengjast aðgangi að eða meðhöndlun, notkun eða stjórnun á tölvukerfi; eða
- II. Ótíltæki eða brestur að hluta eða fullu leyti eða röð tengds ótíltækis eða bresta á aðgengi, vinnslu, notkun eða stjórnun á tölvukerfi.

Tölvukerfi er hver sú tölva, vélbúnaður, hugbúnaður, samskiptakerfi, raftæki (þar á meðal en ekki einungis snjallsímar, fartölvur, spjaldtölvur, tæki sem hægt er að setja á líkamann), netþjónn, ský eða míkrostýring, þar á meðal svipuð kerfi eða samskipan á fyrrnefndu ásamt tengdu inntaki, úttaki, tæki til gagnageymslu, netbúnaði eða öryggisafritunargeymslu í eigu þinni eða annarra og stjórnað af þér eða öðrum.

F. Skipting ábyrgðar/bótaskyldu (e. Several Liability)

Að baki þessari váttryggingu eru fleiri en einn váttryggjandi og ábyrgð þeirra er ekki sameiginleg heldur aðskilin og takmarkast við þá ábyrgð sem hver og einn hefur gengist undir. Hver váttryggjandi ber ekki ábyrgð á ábyrgð annars váttryggjanda sem af einhverjum ástæðum uppfyllir ekki skyldur sínar að öllu leyti.

Hvernig á að sækja um bætur

Það sem þú þarft að gera

Þú þarft að fylgja þeim kvöðum sem settar eru fram hér fyrir neðan. Ef **við** komumst að þeirri niðurstöðu að **þú** hafir ekki fylgt þessum kvöðum og það þannig haft neikvæð áhrif á bótakröfu **þína** getum **við** neitað greiðslu eða lækkað þær upphæðir sem **við** greiðum fyrir hvert tjón.

1. Lendir **þú** í **slysi** eða **veikindum** sem valda eða kunna að valda því að **þú** gerir bótakröfu til þessarar váttryggingar verður **þú** að gera eftirtalið eins fljótt og auðið er:

a) leita til tilhlýðilega **hæfs starfandi læknis**; og

b) tilkynna **Tryggingamiðlun Íslands** um tjónið.

- Þú** verður að veita **okkur** eða læknisfræðilegum ráðgjafa **okkar** allar nauðsynlegar heimildir til þess að fá aðgang að eða útvega allar læknskýrslur, punkta og bréfaskipti vegna þess sem snýr að bótakröfunni eða tengdu heilsufars ástandi sem var fyrir (eins og lýst er í A.16 á blaðsíðu 19). Læknisfræðilegi ráðgjafinn þarf að fá leyfi til þess að rannsaka þig á þann hátt sem **við** teljum nauðsynlegan svo hægt sé að meðhöndla kröfuna **þína**.
- Þú** verður að sjá **Tryggingamiðlun Íslands** fyrir öllum þeim upplýsingum sem **við** kunnum að óska eftir og þar á meðal útfylltu og undirrituðu eyðublaði fyrir bótakröfu.
- Allar bótakröfur undir þessari tryggingu þurfa að berast til **okkar** í gegnum **Tryggingamiðlun Íslands** innan eins árs frá því að kringumstæður bótakröfunnar koma upp.
- Þegar **okkur** hefur verið tilkynnt um tjón þurfa allar upplýsingar sem **við** biðjum um að berast **okkur** innan ákveðins tímaramma. Berist **okkur** ekki upplýsingar innan 3 mánaða frá því að **við** óskum eftir þeim áskiljum **við okkur** rétt til þess að líta svo á að málinu sé lokið. Við munum tilkynna **þér** um þá fyrirætlan **okkar** að loka bótakröfu **þinni** berist **okkur** ekki umtalaðar upplýsingar og **þú** færð tækifæri til þess að afhenda **okkur** þær upplýsingar. Ef þessi töf skaðar fyrirspurnir **okkar** getum **við** ef til vill ekki haldið áfram með bótakröfuna.
- Þér** ber skylda til þess að fylgja eftir þeirri meðferð sem læknar og heilbrigðisstarfsfólk mælist fyrir um til þess að flýta bata **þínum**. Sé fyrirmælum og ráðleggingum um meðferð ekki fylgt eftir gæti það orðið til þess að bætur verði ekki greiddar.

Hvernig við tökum á bótakröfu þinni

Þegar **þú** tilkynnir **Tryggingamiðlun Íslands** um bótakröfuna munum **við** senda **þér** eyðublöð sem **þú** þarft að fylla út og skila til **okkar**.

Þegar búið er að samþykka bótakröfuna munum **við** greiða **þér** þá upphæð sem tiltekin er á viðkomandi stað í **vátryggingarskírteini**.

- Hámarks **bótatími** hvað viðkemur **tímabundinni algerrri örorku** verður sá **bótatími** sem kemur fram í **skírteini** og hefst að loknum **biðtíma**.
- Þá upphæð sem greiðst getur vegna **tímabundinnar algerrar örorku** má sjá í **skírteini þínu**. Sú upphæð getur aldrei orðið meira en 75% af heildartekjum **þínum** síðustu sex mánuði áður en tjónið átti sér stað. **Við** áskiljum **okkur** rétt til þess að staðfesta þessa upphæð með því að óska eftir skattaskýrslu **þinni** og eða launaseðlum síðustu 3 ára til þess að staðfesta tekjur og/eða starf.
- Heildarupphæðin sem greiðist undir þessari vátryggingu hvað viðkemur hverri einni (1) eða fleiri bótakröfum verður ekki hærri en hæsta upphæðin sem tiltekin er undir hverjum einstökum lið í **skírteini**.
- Bótafjárhæð verður reiknuð í GBP (bresku pundi) og breytt í íslenskar krónur sama dag og bætur greiðast út.

Sviksamlegar bótakröfur

Gerir **þú** sviksamlega bótakröfu undir þessum vátryggingarsamningi:

- (a) Erum **við** ekki bótaskyld; og
- (b) Megum **við** gera kröfu um endurgreiðslu á hverjum þeim bótum sem **við** höfum þegar greitt; og
- (c) Einnig tilkynna **þér** um uppsögn samningsins frá þeim tíma sem sviksamlega krafan hófst.

Nýtum **við** rétt **okkar** undir lið (c) hér að ofan:

- (a) Berum **við** ekki bótaskyldu gagnvart **þér** varðandi nokkurn viðeigandi atburð sem orðið kann að hafa á þeim tíma. Viðeigandi atburður er hver sá atburður sem setur af stað bótaskyldu undir váttryggingarsamningi (svo sem tjón, bótakrafa eða tilkynning um mögulega bótakröfu); og
- (b) **Okkur** ber ekki skylda til þess að endurgreiða greidd iðgjöld.

Hvernig er hægt að leggja fram kvörtun

Markmið **okkar** er að tryggja að öllum hliðum váttryggingar **þinnar** sé sinnt á eins fljótlegan, vandvirkan og sanngjarnan hátt og mögulegt er. **Við** viljum alltaf veita **þér** eins góða þjónustu og auðið er.

Hafir **þú** einhverjar spurningar varðandi váttryggingun **þína** eða ef, á einhverjum tímapunkti, þú óskar eftir því að leggja fram formlega kvörtun ætti hún að vera stíluð á:

Tryggingamiðlun Íslands - TMÍ
Hlíðasmári 12
201 Kópavogur
Sími: + 354 553 6688
Netfang: tmi@tmi.is

Móttaka kvörtunar **þinnar** verður staðfest, skriflega, innan 5 (fimm) virkra daga frá því að kvörtun er lögð fram.

Úrskurður kvörtunar **þinnar** verður sendur til **þín**, skriflega, innan 4 (fjögurra) vikna frá því að kvörtun lögð fram.

Ef **þú** ert ekki sátt/ur við lokaákvörðun **okkar** eða ef **þér** hefur ekki borist lokasvar innan fjögurra vikna frá því kvörtun var lögð fram getur verið að **þú** eigir rétt á að fara með mál **þitt** fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum hér á Íslandi.

Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum

Höfðatún 2

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 520 3700

Fax: 520 3727

Netfang: urskvatr@fme.is

Vefsíða: <https://www.fme.is/eftirlit/neytendur/urskurdarnefndir/urskurdarnefnd-i-vatryggingamalum/>

Ef þú hefur keypt samninginn þinn á netinu getur þú einnig sent kvörtun í gegnum vefsvæði Evrópusambandsins um lausn deilumála (ODR). Vefsvæði ODR er www.ec.europa.eu/odr.

Kvörtunarferlið nefnt hér að ofan hvorki útilokar málshöfðun sem **þú** hefur rétt á að hefja né hefur áhrif á framvindu lausnar ágreinings samkvæmt samning **þínum**.

Bótasjóður

AXIS Specialty Europe SE (ASE) er tryggt hjá bótasjóði váttryggjenda (Insurance Compensation Fund (ICF)). Þú gætir átt rétt á bótum frá ICF sé ASE ekki fært um að koma til móts við skyldur sínar innan þessarar váttryggingar.

Eigir þú rétt á bótum frá ICF, fer upphæð þeirra eftir eðli þessarar váttryggingar. Seðlabanki Írlands hefur yfirumsjón með þessu kerfi og finna má nánari upplýsingar á www.centralbank.ie

Lög og lögsagnarumdæmi

Um þessa váttryggingu gilda eingöngu íslensk lög og reglugerðir og komi upp einhver ágreiningur um eða í tengslum við þessa váttryggingu fellur hann eingöngu undir íslenska lögsögn.

Uppsetning váttryggingarskírteinis

Sé þess óskað getum við útvegað enskar útgáfur af váttryggingunni og fylgiskjölum, þar á meðal skjal með upplýsingum um váttryggingarvöruna (IPD), á blindralettri, hljóðútgáfu eða í stærra prenti. Þarfnist þú annars sniðs á skjölunum getur þú haft samband við þann váttryggingaráðgjafa sem þú gerðir samninginn við.

Persónuverndarstefna AXIS Hvaða tilkynning er þetta?

Þetta er styttri útgáfa af „AXIS UK-EU Privacy Notice“. Þessi tilkynnin á við um alla einstaklinga sem kaupa váttryggingu hjá fyrirtæki innan AXIS Capital Group („AXIS“) eða þiggja bætur úr váttryggingu sem keypt var af vinnuveitanda eða þriðja aðila fyrri þeirra hönd („þú“).

Í þessari tilkynningu gefum við þér samantekt á því hvenær, hvers vegna og hvernig við söfnum og notum persónuupplýsingar þínar, við hvaða aðstæður við kynnum að afhenda öðrum þær, hvernig við gætum þeirra og réttindi þín innan breskra og evrópskra persónuverndar laga.

Hver safnar persónuupplýsingunum þínum?

AXIS einingin sem tók upprunalega við persónuupplýsingunum þínum ber ábyrgð á umsjón með þeim („ábyrgðaraðili gagna“) og ber ábyrgð á því að ákvarða hvernig persónuupplýsingar þínar eru geymdar og nýttar. Þú getur haft samband við það AXIS fyrirtæki sem þú gerðir samning við eða váttryggingamiðlara þinn til þess að fá upplýsingar um ábyrgðaraðila gagna.

Hvers konar upplýsingar þurfum við um þig?

Við vinnum úr þeim persónuupplýsingum sem þú og þriðju aðilar veita okkur. Þar gætu verið innifaldar eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar varðandi sviksamlega starfsemi
- Banka upplýsingar
- Númer bótakrafna/tryggingaskírteina
- Lánayfirlit og lánshæfi
- Fæðingardagur og -staður

- Kyn
- Fjölskylduupplýsingar
- Kennitölu
- Hjúskaparstöðu
- Nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang
- Áhættuupplýsingar

Og eftirfarandi flokkar sérstakra persónuupplýsinga:

- Afbrot
- Heilsufarsupplýsingar/sjúkrasaga
- Kynþáttur eða þjóðaruppruni

Viðeigandi öryggisráðstöfunum verður beitt þegar kemur að því að vinna sérstakar persónuupplýsingar.

Hvernig söfnum við persónuupplýsingunum þínum?

Ef þú ert tryggður hjá okkur eða ætlar að verða það, veitir þú eða fulltrúi þinn okkur upplýsingar í umsóknarferlinu. Við gætum einnig þurft upplýsingar um þig frá fjölskyldumeðlimum þínum, vinnuveitanda, lánastofnunum, gagnagrunnum sem sporna við svikum, lista yfir viðskiptaþvinganir og viðeigandi opinberum stofnunum, þar á meðal opinberum skráum og gagnagrunnum.

Hafir þú krafist bóta byrjum við að safna saman gögnum um þig þegar þú tilkynnir okkur um tjón, hvort sem það er tilkynnt af þér sjálfum eða öðrum nátengdum þér með leyfi til þess að krefjast bóta fyrir þína hönd. Við getum einnig safnað persónuupplýsingum um þig frá öðrum sem eru hluti af bótakröfunni, þar á meðal lögfræðingum, vitnum, sérfræðingum og tjónamatsfólki. Að lokum getum við einnig ráðfært okkur við aðrar opinberar heimildir til þess að réttlæta bótakröfu eða vernda gegn svikum eða öðrum fjárhagslegum glæpum.

Ákveðir þú að veita ekki þær persónuupplýsingar sem við höfum óskað eftir erum við ófær um að uppfylla faglegar, lagalegar og reglubundnar skyldur okkar og verðum þar af leiðandi mögulega ófær um að gera viðkomandi samning við þig.

Hafi samningur þegar komist á getur ákvörðun þín um að veita okkur ekki þær upplýsingar sem við óskum eftir valdið töfum á því að við getum uppfyllt samningsbundnar skyldur okkar og gæti orðið til þess að við getum ekki haldið tilteknum samningi í gildi.

Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum?

Við söfnum persónuupplýsingum af eftirfarandi ástæðum:

- Til að setja upp reikning, þar á meðal bakgrunns upplýsingar [lögmætir hagsmunir, lagalegar skyldur, virkni samnings]
- Til að uppfylla lagalegar og reglubundnar skyldur [lagalegar skyldur]
- Til að þjónusta viðskiptavini [virkni samnings]
- Til að verja eða sækja lagalegar kröfur [koma á, vinna í eða verja lagalegar kröfur]
- Markaðssetningar starfsemi [samþykki, lögmætir hagsmunir]
- Til að meta þá áhættu sem fólgin er í tryggingunni [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]
- Til að rannsaka eða lögsækja svik [koma á, vinna í eða verja lagalegar kröfur, lögmætir hagsmunir]
- Fyrir umsjón með bótakröfum [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]
- Fyrir greiðslur til/frá einstaklingum [virkni samnings]
- Fyrir áhættumótun og sölutryggingar [lögmætir hagsmunir, virkni samnings]

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar?

Við varðveitum persónuupplýsingar þínar í samræmi við stefnu okkar um varðveislu gagna en ekki lengur en nauðsynlegt reynist til þess að veita þá þjónustu sem samþykkt hefur verið í samningi þínum við okkur eða til þess að fylgja lagalegum eða reglubundnum skyldum. Varðveislutímabil persónuupplýsinga er endurskoðað með reglubundnu millibili.

Hvert fara persónuupplýsingarnar þínar?

Við gætum þurft að færa persónuupplýsingarnar þínar til þriðja aðila eða til annarra AXIS félaga.

Að færa persónuupplýsingarnar þínar út fyrir Bretland eða evrópska efnahagssvæðið

Við kunnum að færa persónuupplýsingarnar þínar til annarra AXIS fyrirtækja og einnig til umboðsmanna okkar og verktaka í Bandaríkjunum, Bermúda, Indlandi, Singapore, Dubai og Filipseyjum. Í þeim tilfellum sem færa þarf persónuupplýsingar þínar út fyrir Bretland eða evrópska efnahagssvæðið grípum við til viðeigandi ráðstafana til þess að gæta þess að vernda persónuupplýsingar þínar og persónuverndar réttindi þín.

Réttindi þín

Gagnaverndarlög í Bretlandi og Evrópusambandinu sjá til þess að þú hefur ákveðin réttindi varðandi persónuupplýsingarnar þínar. Þú getur einnig lagt fram kvörtun hjá persónuvernd í þínu landi varðandi það hvernig persónuupplýsingum þínum er safnað og unnið úr þeim. Við svörum öllum gildum fyrirspurnum innan eins mánaðar frá móttöku og innheimtum almennt ekki gjald þegar við vinnum úr beiðni þinni.

Hvernig á að hafa samband við okkur

Allar spurningar varðandi persónuverndarstefnu okkar og þessa tilkynningu skyldi senda á neðangreint:

Nafn: Data Protection Officer
Netfang: dpo@axiscapital.com
Heimilisfang: 52 Lime Street, London EC3M 7AF
Sími: +44-20-7877-3800
Vefsíða: www.axiscapital.com/who-we-are/privacy

Mögulegt er að nálgast skilmálana á bæði ensku og íslensku á heimasíðu Tryggingamiðlunar Íslands, www.tmi.is